



Aðalstræti 12

415 Bolungarvík

[nave@nave.is](mailto:nave@nave.is)

*Könnunarskurðir í  
landi Hnappavalla í  
Öræfum*

Atli Rúnarsson

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Maí 2024

NV nr. 12-24

## EFNISYFIRLIT

|       |                                                |    |
|-------|------------------------------------------------|----|
| 1.    | GRUNNUPPLÝSINGAR.....                          | 2  |
| 2.    | TÆKNILEG ATRIÐI .....                          | 3  |
| 2.1   | Útdráttur .....                                | 3  |
| 2.2   | Forsaga rannsóknar .....                       | 3  |
| 2.3   | Saga Hnappavalla .....                         | 3  |
| 2.4   | Stjórnsýsla og fjármögnun.....                 | 5  |
| 2.5   | Almennar upplýsingar um rannsóknina .....      | 7  |
| 2.6   | Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi .....  | 7  |
| 2.7   | Stærð og umfang uppgrftar.....                 | 8  |
| 3.    | Fornleifarannsóknin á hnappavöllum .....       | 9  |
| 3.1   | Hjáleiga .....                                 | 9  |
| 3.1.1 | Könnunarskuður á byggingarreit 1 .....         | 9  |
| 3.1.2 | Könnunarskurður á byggingarreit 3 .....        | 10 |
| 3.1.3 | Könnunarskurður á byggingarreit 5 .....        | 11 |
| 3.2   | Flatatún .....                                 | 12 |
| 3.2.1 | Könnunarskurður á byggingarreit á lóð 8 .....  | 12 |
| 3.2.2 | Könnunarskurður á byggingarreit á lóð 10 ..... | 13 |
| 3.2.3 | Könnunarskurður á byggingarreit á lóð 12 ..... | 13 |
| 4.    | Gripir og sýni .....                           | 14 |
| 5.    | Túlkun / Niðurstöður .....                     | 14 |
| 6.    | Heimildaskrá.....                              | 15 |
| 7.    | Kort.....                                      | 16 |
| 8.    | Teikningar.....                                | 17 |
| 9.    | Skrár.....                                     | 18 |
| 9.1   | Contextaskrá.....                              | 18 |
| 9.2   | Ljósmyndaskrá.....                             | 22 |
| 9.3   | Teikningaskrá.....                             | 23 |

## 1. GRUNNUPPLÝSINGAR

**Rannsóknarnúmer:** 202403-0154

**ÞJMS-númer:** 2024-12

**Stutt lýsing rannsóknar:**

Könnunarskurðir á byggingareitum á jörðinni Hnappavellir í Öræfum.

**Tegund rannsóknar:**

Könnunarskurðir

**Staðsetning**

Hnappavellir í Öræfum, Sveitafélaginu Hornafjörður

**GPS hnit**

Hnappavellir ISN93: A 618222, N: 380234

**Rannsóknartími:** 9-11 apríl 2024

**Leyfishafi**

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

**Fjöldi starfsmanna:** 2: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir & Atli Rúnarsson



## 2. TÆKNILEG ATRIÐI

### 2.1 Útdráttur

Deiliskipulagið tekur til Hjáleigu (L233485), Flatatúns (L233486) og Flatatún spilda (L236204) og eru staðsettar á Hnappavöllum í Örfum. Skipulagssvæðið er alls 10570m<sup>2</sup> að stærð og liggur suðaustan við Hnappavelli 4, suðvestan við Hnappavelli 1 og norðvestan við Hnappavelli 1 Móa. Innan svæðisins stendur íbúðarhús reist árið 1961. Markmið deiliskipulagsins er að skipta upp landi Hjáleigu í 6 lóðir og landi Flatatúns upp í 7 lóðir, setja skilmála fyrir uppbyggingu á lóðunum, m.a. afmarka byggingarreit, skilgreina aðkomu og bílastæði. Innan hvers byggingarreits verður heimilt að byggja íbúðarhús. Lagður verður nýr vegur í gegnum mitt svæðið að íbúðarhúsunum.

Grafnir voru 8 prufuskurðir og voru það byggingareitir 3 og 5 á Hjáleigu, og 5, 5, 6, 8, 10 og 12 á Flatatúni.

### 2.2 Forsaga rannsóknar

Haustið 2023 gerði Fornleifastofnun Íslands ses. fornleifaskráningu fyrir skipulagssvæðið. Voru þar skráðar 13 fornleifar innan deiliskipulagsreitsins. Niðurstöður skráningarinnar birtust í skýrslunni *Deiliskráning fornleifa á Hnappavöllum í Örfum: Vegna fyrirhugaðrar starfsmannaaðstöðu í Vestur-hjáleigu*.<sup>1</sup>

### 2.3 Saga Hnappavalla

Í Landnámabók segir: „Ásbjorn hét maðr, son Heyjangrs-Bjarnar hersis ór Sogni; [...] Ásbjorn fór til Íslands ok dó í hafi, en Þorgerðr kona hans, ok synir þeira kómu út ok námu allt Ingólfshöfðahverfi á milli Kvíar ok Jokulsár, ok bjó hon at sandfelli ok Gulaugr, son þeira Ásbjarnar, eptir hana; frá honum eru Sandfellingar komnir. Annarr son þeira var Þorgils, er Hnappfellingar eru frá komnir.“<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Gylfi Helgason. 2023. skýrsla nr. FS952-23371

<sup>2</sup> Íslensk Fornrit I. Bls. 320.

Jörðin kemur fram í máldaga Maríukirkju frá árinu 1343 þar segir; „Máldagi Maríukirkju á Hnappavöllum í Öræfum [...] nappaveller [gamall madagi]. Mariukirkia a nappavelli a fiordung j heima lande med ollum gognvm oc giædvm.“<sup>3</sup>

Árið 1528 kemur jörðin fram í skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ á Síðu. Þar segir; „Jtem gaf Eirekur Þorsteinsson kirkiubæiar klaustri allan þann skog sem hann hafði fremst eigande að ordit j skaptafellz heide til æfinligrar eignar oc frials forrædis j suo mæta að þeir j svinafelli byggi oc a knappauollvm skyllde hafa þar elldivid epter því sem því þarfnazt.“<sup>4</sup>

Árið 1546 selur Þorleifur Pálsson Hnappavelli í Öræfum fyrir bæi í Barðastrandasýslu til Björns Þorleifssonar.<sup>5</sup>

Jörðin kemur fram í Gíslamáldaga frá 1570 þar segir; „Kirkjur í Minna Héraði og nærlendis. [...] Þessar kirkjur voru fordum i minna hieradi sem nu kallast Öræfe. [...] 2. Mariukirkia á Hnappavollum ä fiordung i heimalandi.“<sup>6</sup>

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjöllum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1709 segir; „Hnappavellir. Bóndaeign, Jarðardýrleiki xij. Skógarítak til eldingar er jörðunni eignað í Skaftafellsskógi. [...] Reka á jörðin fyrir sínu landi. Ábúandi betalar fjórða hvört ár hundraðs hest fyrir reka, utan hvali. [...] Hnappavallahjáleiga. Byggð úr heimalandi. Dýrleiki er óviss. Landsk. Lx ál. Kvaðir: hestlán í kaupstað annað hvert ár. Einnig á hún skóg í Skaftafellsskógi eftir tiltölu í Hnappavallaftaki.“<sup>7</sup>

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er jörðin 12 hundruð og landskuld 1.10 og 4 kúgildi. Í neðanmálgrein segir; Sýslumaður, sem telur 5 eigiendur á öllum Hnappavöllum, nafnir eigi hjáleifuna, en þar á móti prestur; en hvorugur þeirra nefnir hnappavallahjáleigu, sem jarðarbækurnar líka minnst á.“<sup>8</sup>

Á túnakorti frá um 1920 er ábúandi á Vestur- hjáleigunni Guðrún Þorsteinsdóttir. Túnstærðin er 3,1 teigar (ha), sáðreitir að stærð: 883m<sup>2</sup>.<sup>9</sup>

<sup>3</sup> *Diplomatarium Islandicum* II. Bls. 773.

<sup>4</sup> *Diplomatarium Islandicum* IX. Bls. 470-471.

<sup>5</sup> *Diplomatarium Islandicum* XI. Bls. 481.

<sup>6</sup> *Diplomatarium Islandicum* XV. Bls. 713.

<sup>7</sup> Jarðabók Árna og Páls XIII, bls. 434-435.

<sup>8</sup> Johnsen, J. 1847. Bls. 5.

<sup>9</sup> Túnakort Hnappavellir II, Vestur-hjáleigan.

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: „Austast á undirlendi jarðarinnar er Kvíármýri, graslendi, sem hefur verið nokkurs konar afréttur, svo lengi sem menn vita, en er talin með eignum Rauðalækjarkirkju 1348 og mun lítið breytt síðan [...]. Austast á Kvíármýri var austasti áfangastaður í Öræfum. Vestan við Kvíármýri taka við Hnappavallaaurar, myndaðir af Hólá og Stigá, litlum jökulám, sem um þá renna. Eru þeir nokkuð grónir, einkum er nær dregur sjó. Vestan við Hnappavallaaura taka við mýrlendi, og eru þar allvíðlend starengi. Fjalllendi er nokkurt og víða bratt, en ber ekki margt fé. [...] Nefndarálit frá 11. maí 1849: „Hnappavellir með Hnappavallahjáleigu: Bændaeign. Túnið er gott, fóðrar 5 kýr, engjar víðlendar og vatnasamar, en heyfall að mestu leyti slæmt, hagar eru víðlendir eftir því sem hér er í sveit. Jörðin álízt að geta framfleytt 7 kúm og 169 fjár. Fjara fylgir jörðinni, heldur rekasæl, [...]. Hagar eru undirorpnir vatna- og sandágangi og jörðin örðug nema fjaran.“ Við þetta herði mátt bæta: Selveiði í Hnappavallaósi og lítils háttar silungsveiði á sama stað. Torfrista og hellutak hvort tveggja gott. Jörðin hefur litlum breytingum tekið, eftir að þessi lýsing var gefin, þar til nú á síðustu árum vegna ræktunar.“<sup>10</sup>

## 2.4 Stjórnsýsla og fjármögnun

Að beiðni Ingólfs Haraldssonar framkvæmdarstjóra fasteigna hjá Íslandshótelum gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn með gerð könnunarskurða.

Minjastofnun Íslands fór fram á mótvægisáðgerðir innan jarðamarka Hnappavalla í lok árs 2023. Þær mótvægisáðgerðir sem farið var fram á eru sjáanlegar í bréfi Minjastofnunar frá 3. Nóvember. Þar segir;

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan ofangreinds skipulagssvæðið er lokið sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Alls voru 13 fornleifar innan svæðisins, þar á meðal gamall bæjarhóll Vestur-hjáleigu sem lóðin dregur nafn sitt af. Ekki eru lengur uppistandi hús innan svæðisins.

Í 21. gr. laga um menningarminjar segir að fornleifum, jafnt þeim sem eru friðlýstar sem og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs megi enginn spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Innan skipulagssvæðisins eru minjar í stórhættu en auk þess er mikilvægt að hafa í huga að þó ekki sjáist ummerki um fornleifar á yfirborði þá kunna mannvistarleifar að leynast undir sverði. Auknar líkur eru á því að fornleifar finnist í gömlum heimatúnum þó þau hafi verið sléttuð.

---

<sup>10</sup> Magnús Björnsson. 1976. Bls. 59-61.

Lóðir ofangreinds skipulags ná yfir gamlan bæjarhól en auk þess eru lóðir innan gamla heimatúnsins. Því þarf að gera ráðstafanir vegna minja á svæðinu. Málið var tekið fyrir á fundi innan stofnunarinnar þann 2. nóvember 2023. Tvennt er í stöðunni. Annað hvort að fella lóðir út úr skipulaginu eða bregðast við með mótvægisáðgerðum sem fela í sér fornleifarannsóknir.

Lóðir 1, 2, 4 og 6 eru innan gamla bæjarhóls Vestur-hjáleigu og gamla heimatúnsins. Hafa ber í huga að gamlir bæjarhólar geta hafa staðið á sama stað öldum saman. Mögulega kann bæjarhóll Vestur-hjáleigu að vera eldri en fyrstu skriflegu heimildir um hann benda til. Bæjarhólar geta verið miklir umfangs í fleti og dýpt. Umfang hans getur því vel verið meira en talið er í fornleifaskráningunni. Sé óskað eftir því að halda fyrrnefndum lóðum inni á deiliskipulaginu þarf að bregðast við með mótvægisáðgerðum. Leyfilegt er að taka niður efsta hluta veggja síðasta hússins en mæla þarf upp neðstu veggjalög og fullgrafa þarf gólf. Þá þarf að fullrannsaka þær minjar sem kunna að koma í ljós þar undir sverði. Nánari útfærsla rannsókna þarf að vinnast í samráði við Minjastofnun Íslands. Stofnunin vekur athygli á því að slík fornleifarannsókn kann að vera flókin, tímafrek og kostnaðarsöm.

Lóðir 3 og 5 eru innan gamla heimatúnsins og því auknar líkur á jarðlægjum minjum þó ekki sjáist ummerki um þær á yfirborði. Áður en jarðvegsframkvæmdir hefjast innan þeirra þarf að grafa könnunarskurð innan lóðanna til að kanna hugsanlegar jarðlægar minjar. Ef jarðlægar minjar koma í ljós er það í höndum Minjastofnunar að ákveða hvort frekari rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir geta hafist.<sup>11</sup>

Skipulagssvæðið hefur nú stækkað frá því sem það var og nær það nú yfir Flatatún. Í bréfi minjastofnunar dagsett 21. Febrúar 2024 koma fram þær breytingar sem hafa átt sér stað og nýjar mótvægisáðgerðir. Í bréfi minjastofnunar segir;

Samkvæmt þeim upplýsingum sem stofnunin hefur fengið hefur verið fallið frá því að byggja á lóðum 1, 2, 4 og 6 í landi Hjáleigu sökum þess að þær lóðir standa á gamla bæjarhólnum. Þær eru þó enn afmarkaðar hér á uppdrætti og verður því tekin afstaða hér til þeirra auk annarra lóða á skipulagsuppdrætti.

Í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að fornleifum, jafnt þeim sem eru friðlýstar sem og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs megi enginn spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Að jafnaði eru miklar líkur á því að fornleifar finnist í gömlum heimatúnum þó þau hafi verið sléttuð og ekkert sjáist á yfirborði. Þar sem hér er um að ræða framkvæmdir í gömlu heimatúni þarf að bregðast við með mótvægisáðgerðum vegna lóða innan svæðisins.

• **Hjáleiga lóðir 1, 2, 4 og 6** – Standa innan gamla bæjarhóls Vestur-Hjáleigu og gamla heimatúnsins. Mögulega kann bæjarhóll Vestur-Hjáleigu að vera eldri en fyrstu skriflegu heimildir um hann benda til auk þess sem bæjarhólar geta verið miklir í umfangi í fleti og dýpt. Sé eftirfarandi lóðum haldið innan skipulagsins þarf að bregðast við með mótvægisáðgerðum ef vilji er til að framkvæma innan þeirra. Leyfilegt er að taka niður efsta hluta veggja síðasta hússins en mæla þarf upp neðstu veggjalög og fullgrafa þarf gólf. Þá þarf að fullrannsaka þær minjar sem kunna að koma í ljós þar undir sverði. Stofnunin vekur athygli á því að slík fornleifarannsókn kann að vera flókin, tímafrek og kostnaðarsöm.

<sup>11</sup> Bréf Minjastofnunar Íslands: MÍ202309-0135/ 6.09 / Þ.E.H.

- **Hjáleiga lóðir 3 og 5** – Standa innan gamla heimatúnsins og nálægt gamla bæjarhólnum og eru því auknar líkur á jarðlægum minjum þó ekki sjáist ummerki um þær á yfirborði. *Áður en jarðvegsframkvæmdir hefst innan þeirra þarf að grafa könnunarskurð innan byggingarreits lóðanna til að kanna hugsanlegar jarðlægar minjar. Ef jarðlægar minjar koma í ljós er það í höndum Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort frekari rannsókn sé þörf áður en framkvæmdir geta hafist.*
- **Flatatún lóðir 5, 5, 6, 8, 10 og 12** – Standa innan gamla heimatúnsins og því auknar líkur á jarðlægum minjum þó ekki sjáist ummerki um þær á yfirborði. *Áður en jarðvegsframkvæmdir hefst innan þeirra þarf að grafa könnunarskurð innan byggingarreits lóðanna til að kanna hugsanlegar jarðlægar minjar. Ef jarðlægar minjar koma í ljós er það í höndum Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort frekari rannsókn sé þörf áður en framkvæmdir geta hafist.<sup>12</sup>*

## 2.5 Almennar upplýsingar um rannsóknina

Við rannsóknina störfuðu tveir fornleifafræðingar hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Stjórnandi var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. Rannsóknin stóð yfir 2 daga. Veður var eins og búist var við miðað við árstíma, hvasst og eljagangur. Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir fornleifafræðingur sá um skýrslugerð ásamt Atla Rúnarssyni sem sá einnig um tölvuteikningar.

Samhliða gerð könnunarskurða verður unnin fornleifaskráning á svæði suðaustan við Hjáleigu (sem hefur nú þegar verið fornleifaskráð) á svæði sem heitir Flatartún og Flatatúns spilda.<sup>13</sup>

## 2.6 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Grafnir voru átta könnunarskurðir innan fyrirhugaðra byggingarreita 3 og 5 á Hjáleigu og 5, 5, 6, 8, 10, 12 á Flatatúni. Við uppgröft á skurðum var notast við gröfu sem hafði 1 m breiða ótennta skóflu. Íslandshótel útvegaði gröfumann fyrir verkið og fær hann sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Skurðirnir voru grafnir niður á óhreyft og náðu langsum yfir hvern byggingarreit. Snið skurðanna voru hreinsuð og hverri einingu lýst og skráð, myndir teknar og snið teiknuð upp. Þar sem engin ummerki um mannvist fannst í skurðunum var einungis teiknaður 1m af hverju sniði í skalanum 1:20.

Engir gripir eða dýrabein fundust við rannsóknina.

---

<sup>12</sup> Bréf Minjastofnunar Íslands: MÍ202401-0106/ 6.09 / Þ.E.H.

<sup>13</sup> Sjá: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Atli Rúnarsson. 2024

Vegna veðurs var ekki hægt að mynda svæðið með dróna. Könnunarskurðir voru mældir upp með Trimble junio 5 uppmælingakerfi, sem er með um 10 cm skekkju og notast var við Ísnet93 hnitakerfið.

## **2.7 Stærð og umfang uppgrftar**

Hver byggingareitur er 16 m á lengd. Skurðirnir voru allir 1 x 16 m á stærð og frá 0.62 m til 1.83m á dýpt.

### 3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á HNAPPAVÖLLUM


#### 3.1 Hjáleiga

##### 3.1.1 Könnunarskuður á byggingarreit 1

Engar fornminjar komu í ljós á byggingarreit 1. Alls voru 9 jarðlög skráð í skurðinum sem var 16m langur og 1.53m djúpur. Þar sem engar fornminjar fundust í skurðinum var einungis teiknaður 1m af sniðinu. [101] var yfirborðslagið, um 30cm þykk dökk brún mold með grasrótinni, frekar þétt í sér. [102] var svört fínkorna gjóska, um 4 cm þykk. [103] var siltaður jarðvegur, ljósbrún smá sendin mold sem var frekar laus í sér, engin mannvist var í henni og var hún um 35cm þykk. [104] var svört fínkorna gjóska, um 6cm þykk. [105] var siltaður rauðleitur jarðvegur, frekar sendinn og laus í sér, um 2cm þykkur. [106] var svört fínkorna gjóska, um 10cm þykk, mögulega hluti af 1362 gosinu. [107] var hvítleit gjóska og vikur úr gosinu úr Öræfajökli frá 1362. Lagið var mjög gróft vegna mikils magns af vikri. Lagið var á bilinu 20-30cm þykkt. [108] var siltaður ljósbrúnn jarðvegur með rauðleitum skellum. Lagið var mun þéttara í sér en efri lög. Stöku kolaslíkjur fundust í laginu og það var um 30cm þykkt. [109] var rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur, mjög þéttur í sér og frekar leirkenndur.



Mynd 1. Horft í norður á norður snið könnunarskurðar á byggingarreit 1.




Mynd 2. Norður snið á könnunarskurði á byggingarreit 1.

### 3.1.2 Könnunarskurður á byggingarreit 3

Engar fornminjar komu í ljós á byggingarreit 3. Alls voru 11 jarðlög skráð í könnunarskurðinum sem var 16m langur og 1.73m djúpur. Þar sem engar fornminjar fundust var einungis teiknaður 1m af sniðinu. **[301]** var yfirborðs-lagið með grasrótinni í sér. Það var dökkbrún mold, frekar þétt í sér og um 15cm þykk. **[302]** var siltað ljósbrún, smá sendin, mold sem var frekar laus í sér. Engin mannvist fannst í laginu sem var um 40cm þykkt. **[303]** var svört fínkorna gjóska, um 4cm þykk. **[304]** var finn siltaður jarðvegur, frekar þéttur í sér. Engin mannvist var í laginu sem var um 30cm þykkt. **[305]** var finn siltaður jarðvegur, í raun líkur [304] en með töluvert meiri mól, um 30cm þykkt. **[306]** var svört fínkorna gjóska, frá 2 – 6cm þykk. **[307]** var siltaður jarðvegur með töluvert af vikri, rauðbrúnn og frekar sendinn. **[308]** var svört fínkorna gjóska, um 10cm þykk, mögulega hluti af 1362 gosinu. **[309]** var hvítleit gjóska og vikur úr gosinu úr Öræfajökli frá 1362. Lagið var mjög gróft vegna magns vikurs í því og um 25cm þykkt. **[310]** var siltaður ljósbrúnn jarðvegur með rauðleitum skellum. Lagið var mun þéttara í sér en efri lög og fundust stöku kolaslíkjur í því en enginn samfelld mannvist. Lagið var um 45cm þykkt. **[311]** var rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur sem var frekar þéttur í sér og leirkenndur.



Mynd 3. Horft í suður á suðursnið könnunarskurðar á byggingarreit 3.




Mynd 4. Suðursnið á könnunarskurði á byggingarreit 3.

### 3.1.3 Könnunarskurður á byggingarreit 5

Engar fornminjar komu í ljós í könnunarskurði á byggingarreit 5. Alls voru 11 jarðlög skráð í skurðinum sem var 16m langur og 1.83m djúpur. Þar sem engar fornminjar fundust var einungis teiknaður 1m af sniðinu. **[501]** var yfirborðslagið, dökkbrún mold með grasrótinni, frekar þétt í sér og um 20cm þykk. **[502]** var svört fínkorna gjóska sem ekki sást í öðrum prufuskurðum, lagið var um 4cm þykkt. **[503]** var ljósbrún smá sendin mold sem var frekar laus í sér. Engin mannvist var í laginu sem var um 40cm þykk. **[504]** var svört fínkorna gjóska, um 3cm þykk. **[505]** var siltuð frekar þétt ljósbrún mold með stöku kolaflyksum en engri samfelldri mannvist. Lagið var um 55cm þykkt. **[506]** var svört fínkorna gjóska, um 5cm þykk. **[507]** var siltaður, sandkenndur rauðbrúnn jarðvegur með engri mannvist, um 5cm þykkt. **[508]** var svört fínkorna gjóska sem var mögulega hluti af 1362 gosinu í Öræfajökli, um 10cm þykkt. **[509]** var hvítleit gjóska og vikur úr gosinu úr Öræfajökli frá 1362. Lagið var mjög gróft út af miklu magni vikurs. Lagið var frá 20-30cm þykkt. **[510]** var siltaður ljósbrúnn jarðvegur með rauðleitum skellum. Lagið var mun þéttara í sér en efri lög og fundust stöku kolaskellur í því. Lagið var um 45cm þykkt. **[511]** var rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur sem var þéttur í sér og frekar leirkenndur.



Mynd 6. Horft í suður á suðursnið könnunarskurðar á byggingarreit 5.



Mynd 5. Suðursnið á könnunarskurði á byggingarreit 5.


## 3.2 Flatatún

### 3.2.1 Könnunarskurður á byggingarreit á lóð 8

Engar fornminjar komu í ljós í skurðinum á byggingarreitnum á lóð 8. Alls voru 9 jarðlög skráð í skurðinum sem var 16m langur og 1m djúpur. Skurðurinn var tekinn í mýri og byrjaði grunnvatn að vella upp úr jörðinni í vestur enda hans. Þar sem engar fornminjar fundust var einungis teiknaður 1m af sniðinu. Jarðlag **[501]** var yfirborðslag, dökkbrún mold með grasrótinni og frekar þétt í sér. Jarðlagið var um 10cm þykkt. **[802]** var siltaður rauðbúnn jarðvegur með nokkrum ljósbrúnum skellum, engin mannvist fannst í laginu og það var um 15cm þykkt. **[803]** var svört fínkorna gjóska og var um 4cm þykkt. **[804]** var mið-brúnn siltaður jarðvegur með ljósbrúnum skellum, engin merki um mannvist fundust í laginu sem var 10cm þykkt. **[805]** var svört fínkorna gjóska, um 4cm þykkt. **[806]** var hvítleit gjóska og vikur úr gosinu úr Öræfajökli frá 1362. Lagið var mjög gróft vegna mikils magns vikurs og var um 20cm þykkt. **[808]** var siltaður dökkbrúnn jarðvegur með rauðleitum skellum. Lagið var frekar laust í sér, enga mannvist var að finna í því og var um 20cm þykkt. **[809]** var náttúrulegur rauðleitur jarðvegur, frekar grófur og laus í sér.



Mynd 7. Horft í suður yfir suðursnið könnunarskurðar á byggingarreit á lóð 8.



Mynd 8. Suðursnið könnunarskurðar á byggingarreit á lóð 8.

### 3.2.2 Könnunarskurður á byggingarreit á lóð 10

Engar fornminjar komu í ljós í skurðinum á byggingarreitnum á lóð 10. 3 jarðlög voru skráð í skurðinum sem var 16m langur og um 73cm djúpur. Þar sem engar fornminjar fundust var einungis teiknaður 1m af sniðinu. Skurðurinn var tekinn í náttúrulegan sandhól og var engi mannvist að finna þar. Yfirborðslag **[1001]** var dökkbrún mold með grasrótinni og frekar þétt í sér. Lagið var um 20cm þykkt. **[1002]** var siltaður, frekar grófur, rauðbrúnn jarðvegur með ljósum skellum, engin ummerki um mannvist voru í laginu sem var um 20cm þykkt. **[1003]** var fínn náttúrulegur sandur.




Mynd 9. Horft í suður yfir suðursnið könnunarskurðar á byggingarreit á lóð 10.



Mynd 10. Horft í suðaustur að suðursniði könnunarskurðar á byggingarreit á lóð 12.

### 3.2.3 Könnunarskurður á byggingarreit á lóð 12

Engar fornminjar komu í ljós í skurðinu á byggingarreitnum á lóð 12. 4 jarðlög voru skráð í skurðinum sem var 16m langur og 1.3m djúpur. Þar sem engar fornminjar fundust var einungis teiknaður 1m af sniðinu. Skurðurinn var tekinn í náttúrulegan sandhól og var engi mannvist að finna þar. Yfirborðslag **[1201]** var dökkbrún mold með grasrótinni, frekar þétt í sér og um 20cm þykkt. **[1202]** var gróf möl með smá mold inn á milli, um 40cm þykkt. **[1203]** var grófur sandur með smá möl inn á milli, um 50cm þykkt og náttúrulegt. **[1204]** var fínn náttúrulegur sandur.



Mynd 11. Suðursnið af könnunarskurði á lóð 10 (t.v.) og suðursnið af könnunarskurði á lóð 12 (t.h.)

#### 4. GRIPIR OG SÝNI

Engir gripir fundust og engin sýni voru tekin.

#### 5. TÚLKUN / NIÐURSTÖÐUR

Engar fornminjar fundust í skurðunum. Í könnunarskurðum á byggingarreitum 1, 3 og 5 fundust jarðlög með kolaflyksum, sem er ekki óvenjulegt miðað við nálægð við bæjarstæði Hnappavalla og Vestur-Hjáleigu, en enga samfellda mannvist var að sjá. Í þessum þremur skurðum kom fram mannvist undir 1362 gjóskunni úr Öræfajökli sem bendir til þess að í kring sé að finna forna byggð. Öll lög voru slétt og hafa fallið á slétt yfirborð, vegna þessara greinilegu laga eins og gjósku út 1362 og lengd skurðanna var mjög greinilega hægt að sjá að engin mannvirki hafa staðið á þessu svæði og líklega hafa þarna verið slétt tún.

Byggingarreitur 8. er að stórum hluta í mýri og fór grunnvatn að vella upp úr jörðinni á um 30cm dýpi. Byggingarreitir 10. og 12. eru á náttúrulegum sandhól, en sandurinn kom í ljós á um 30cm dýpi.

Eins og áður sagði þá kom í ljós að undir reitum 5. á lóð 2, 5 á lóð 4. og 6. lá háspennu-strengur og því var hætt við framkvæmdir á þeim reitum og því engir prufuskurðir teknir.

## 6. HEIMILDASKRÁ

*Diplomatarium Islandicum II.* Íslenzkt fornbréfasafn. 1857. Annað bindi. 1253-1350. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum IX.* Íslenzkt fornbréfasafn. 1909-1913. Níunda bindi. 1262-1536. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum XI.* Íslenzkt fornbréfasafn. 1915-1925. Ellefta bindi. 1310-1550. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.

*Diplomatarium Islandicum XV.* Íslenzkt fornbréfasafn. 1947-1950. Fimmtánda bindi. 1567-1570 (og síðar). Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.

Gylfi Helgason. 2023. *Deiliskráning fornleifa á Hnappavöllum í Öræfum: Vegna fyrirhugaðrar starfsmannaaðstöðu í Vestur-hjáleigu*. Fornleifastofnun Íslands. FS952-23371.

*Íslensk fornrit.* 1935–2002. I–XVII. bindi. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XIII: Fylgiskjöl.* 1990. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Magnús Björnsson. 1976. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III*. Reykjavík, Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

### Óútgefnar heimildir


Bréf Minjastofnunar Íslands: MÍ202309-0135/ 6.09 / Þ.E.H.

Bréf Minjastofnunar Íslands: MÍ202401-0106/ 6.09 / Þ.E.H.

### Túnakort

Túnakort Hnappavellir II, Vestur-Hjáleiga. Þjóðskjalasafn Íslands.

## 7. KORT



## Skýringar

Skurðir

Afmörkun skipulagssvæðis og byggingarreitir

0 25 50 m




Kort sem sýnir afstöðu könnunarskurða sem teknir voru á  
Hnappavöllum  
Skali 1:1000


Náttúrustofa Vestfjarða 7.5.2024 Atli Rúnarsson

## 8. TEIKNINGAR


Könnunarskurður á byggingarreit 5




Könnunarskurður á byggingarreit 3




Könnunarskurður á byggingarreit á lóð 12




Könnunarskurður á byggingarreit á lóð 10



Könnunarskurður á byggingarreit á lóð 8



Könnunarskurður á byggingarreit 1



## 9. SKRÁR

### 9.1 Contextaskrá

| Context | Gerð                   | Svæði | Dagsetning | Nafn | Lýsing                                                                                                                                                              |
|---------|------------------------|-------|------------|------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 101     | Yfirborðslag           | BR 1  | 10.4.2024  | AR   | Yfirborðslag. Dökkbrún mold með grasrótinni, frekar þétt í sér. Um 30cm þykkt.                                                                                      |
| 102     | Gjóska                 | BR 1  | 10.4.2024  | AR   | Svört fínkorna gjóska, um 4cm þykk. Sama og 502.                                                                                                                    |
| 103     | Siltaður jarðvegur     | BR 1  | 10.4.2024  | AR   | Siltaður jarðvegur, ljósbrún smá sendin mold, frekar laus í sér. Engin mannvist, um 35cm þykk.                                                                      |
| 104     | Gjóska                 | BR 1  | 10.4.2024  | AR   | Svört fínkorna gjóska. Um 6cm þykk.                                                                                                                                 |
| 105     | Siltaður jarðvegur     | BR 1  | 10.4.2024  | AR   | Siltaður rauðleitur jarðvegur, frekar sendinn og laus í sér. Um 2cm þykkt.                                                                                          |
| 106     | Gjóska                 | BR 1  | 10.4.2024  | AR   | Svört fínkorna gjóska, um 10cm þykk. Líklega hluti af 1362 gosinu.                                                                                                  |
| 107     | Gjóska og vikur        | BR 1  | 10.4.2024  | AR   | Hvítleit gjóska og vikur úr gosinu úr Öræfajökli frá 1362. Lagið er mjög gróft út af miklu magni vikurs. 20-30cm þykkt.                                             |
| 108     | Siltaður jarðvegur     | BR 1  | 10.4.2024  | AR   | Siltaður ljósbrúnn jarðvegur með rauðleitum skellum. Lagið er mun þéttara í sér en efri lög. Stöku kolaslíkjur finnast í laginu, um 30cm þykkt. Sama og 510 og 310. |
| 109     | Náttúrulegur jarðvegur | BR 1  | 10.4.2024  | AR   | Rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur, þéttur í sér, frekar leirkenndur.                                                                                                 |
| 301     | Yfirborðslag           | BR 3  | 10.4.2024  | AR   | Yfirborðslag. Dökkbrún mold með grasrótinni, frekar þétt í sér. Um 15cm þykkt.                                                                                      |
| 302     | Siltaður jarðvegur     | BR 3  | 10.4.2024  | AR   | Ljósbrún smá sendin mold sem er frekar laus í sér. Engin mannvist. Um 40cm þykkt. Sama og 503                                                                       |
| 303     | Gjóska                 | BR 3  | 10.4.2024  | AR   | Svört fínkorna gjóska, um 4 cm þykk. Sama og 504.                                                                                                                   |

|     |                          |      |           |    |                                                                                                                                                              |
|-----|--------------------------|------|-----------|----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 304 | Siltaður jarðvegur       | BR 3 | 10.4.2024 | AR | Fínn siltaður jarðvegur, frekar þéttur í sér. Engin mannvist, um 40cm þykkt.                                                                                 |
| 305 | Siltaður jarðvegur       | BR 3 | 10.4.2024 | AR | Fínn siltaður jarðvegur, frekar þéttur í sér, töluvert af mól í honum. Engin mannvist, um 30cm þykkt.                                                        |
| 306 | Gjóska                   | BR 3 | 10.4.2024 | AR | Svört fínkorna gjóska. 2-6cm þykkt                                                                                                                           |
| 307 | Vikurblandaður jarðvegur | BR 3 | 10.4.2024 | AR | Siltaður jarðvegur með töluvert af vikri. Rauðbrúnn og frekar sendinn.                                                                                       |
| 308 | Gjóska                   | BR 3 | 10.4.2024 | AR | Svört fínkorna gjóska, mögulega hluti af 1362 gosinu. Um 10cm þykk.                                                                                          |
| 309 | Gjóska og vikur          | BR 3 | 10.4.2024 | AR | Hvítleit gjóska og vikur úr gosinu úr Öræfajökli frá 1362. Lagið er mjög gróft út af miklu magni vikurs. Um 25cm þykkt.                                      |
| 310 | Siltaður jarðvegur       | BR 3 | 10.4.2024 | AR | Siltaður ljósbrúnn jarðvegur með rauðleitum skellum. Lagið er mun þéttara í sér en efri lög. Stöku kolaslíkjur finnast í laginu, um 45cm þykkt. Sama og 510. |
| 311 | Náttúrulegur jarðvegur   | BR 3 | 10.4.2024 | AR | Rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur, þéttur í sér, frekar leirkenndur. Sama og 511.                                                                             |
| 501 | Yfirborðslag             | BR 5 | 10.4.2024 | AR | Yfirborðslag. Dökkbrún mold með grasrótinni, frekar þétt í sér. Um 20cm þykkt.                                                                               |
| 502 | Gjóska                   | BR 5 | 10.4.2024 | AR | Svört fínkorna gjóska, um 4 cm þykk.                                                                                                                         |
| 503 | Siltaður jarðvegur       | BR 5 | 10.4.2024 | AR | Ljósbrún smá sendin mold sem er frekar laus í sér. Engin mannvist. Um 40cm þykkt.                                                                            |
| 504 | Gjóska                   | BR 5 | 10.4.2024 | AR | Svört fínkorna gjóska, um 3 cm þykk.                                                                                                                         |
| 505 | Siltaður jarðvegur       | BR 5 | 10.4.2024 | AR | Frekar þétt ljósbrún mold með stöku kolaflýksmum. Um 55cm þykkt.                                                                                             |
| 506 | Gjóska                   | BR 5 | 10.4.2024 | AR | Svört fínkorna gjóska, um 5cm þykk                                                                                                                           |

|     |                        |       |           |    |                                                                                                                                                                     |
|-----|------------------------|-------|-----------|----|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 507 | Siltaður jarðvegur     | BR 5  | 10.4.2024 | AR | Siltaður, sandkenndur jarðvegur, rauðbrúnn. Engin mannvist, um 5cm þykkt.                                                                                           |
| 508 | Gjóska                 | BR 5  | 10.4.2024 | AR | Svört fínkorna gjóska, mögulega hluti af 1362 gosinu. Um 10cm þykk.                                                                                                 |
| 509 | Gjóska og vikur        | BR 5  | 10.4.2024 | AR | Hvítleit gjóska og vikur úr gosinu úr Öræfajökli frá 1362. Lagið er mjög gróft út af miklu magni vikurs. 20-30cm þykkt.                                             |
| 510 | Siltaður jarðvegur     | BR 5  | 10.4.2024 | AR | Siltaður ljósbrúnn jarðvegur með rauðleitum skellum. Lagið er mun þéttara í sér en efri lög. Stöku kolaslikjur finnast í laginu, um 45cm þykkt. Sama og 108 og 310. |
| 511 | Náttúrulegur jarðvegur | BR 5  | 10.4.2024 | AR | Rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur, þéttur í sér, frekar leirkenndur.                                                                                                 |
| 801 | Yfirborðslag           | Lóð 8 | 10.4.2024 | AR | Yfirborðslag. Dökkbrún mold með grasrótinni, frekar þétt í sér. Um 10cm þykkt.                                                                                      |
| 802 | Siltaður jarðvegur     | Lóð 8 | 10.4.2024 | AR | Siltaður jarðvegur, rauðbrúnn með nokkrum ljósbrúnum skellum, engin mannvist. Um 15cm þykkt.                                                                        |
| 803 | Gjóska                 | Lóð 8 | 10.4.2024 | AR | Svört fínkorna gjóska. Um 4cm þykk.                                                                                                                                 |
| 804 | Siltaður jarðvegur     | Lóð 8 | 10.4.2024 | AR | Siltaður jarðvegur, miðbrún með ljósbrúnum skellum. Engin mannvist. Um 10cm þykkt.                                                                                  |
| 805 | Gjóska                 | Lóð 8 | 10.4.2024 | AR | Svört fínkorna gjóska. Um 4cm þykk.                                                                                                                                 |
| 806 | Siltaður jarðvegur     | Lóð 8 | 10.4.2024 | AR | Siltaður rauðleitur jarðvegur, frekar sendinn og laus í sér. Um 2cm þykkt.                                                                                          |
| 807 | Gjóska og vikur        | Lóð 8 | 10.4.2024 | AR | Hvítleit gjóska og vikur úr gosinu úr Öræfajökli frá 1362. Lagið er mjög gróft út af miklu magni vikurs. Um 20cm þykkt.                                             |
| 808 | Siltaður jarðvegur     | Lóð 8 | 10.4.2024 | AR | Siltaður jarðvegur, frekar laus í sér, dökkbrúnn með rauðleitum skellum.                                                                                            |

|      |                          |        |           |    |                                                                                                |
|------|--------------------------|--------|-----------|----|------------------------------------------------------------------------------------------------|
|      |                          |        |           |    | Engin mannvist. Um 20cm þykkt.                                                                 |
| 809  | Náttúrulegur jarðvegur   | Lóð 8  | 10.4.2024 | AR | Náttúrulegur rauðleitur jarðvegur, frekar grófur og laus í sér.                                |
| 1001 | Yfirborðslag             | Lóð 10 | 10.4.2024 | AR | Yfirborðslag. Dökkbrún mold með grasrótinni, frekar þétt í sér. Um 20cm þykkt.                 |
| 1002 | Siltaður jarðvegur       | Lóð 10 | 10.4.2024 | AR | Siltaður frekar grófur jarðvegur, rauðbrúnn með ljósum skellum, engin mannvist. Um 20cm þykkt. |
| 1003 | Sandur                   | Lóð 10 | 10.4.2024 | AR | Fínn sandur. Náttúrulegt.                                                                      |
| 1201 | Yfirborðslag             | Lóð 12 | 10.4.2024 | AR | Yfirborðslag. Dökkbrún mold með grasrótinni, frekar þétt í sér. Um 20cm þykkt.                 |
| 1202 | Malarblandaður jarðvegur | Lóð 12 | 10.4.2024 | AR | Gróf möl með smá mold inn á milli, um 40cm þykkt.                                              |
| 1203 | Sandur                   | Lóð 12 | 10.4.2024 | AR | Grófur sandur, smá möl inn á milli í honum. Um 50cm þykkt, náttúrulegt.                        |
| 1204 | Sandur                   | Lóð 12 | 10.4.2024 | AR | Fínn sandur. Náttúrulegt.                                                                      |

## 9.2 Ljósmyndaskrá

| Númer | Átt | Nafn | Dagsetning | Lýsing                                                       |
|-------|-----|------|------------|--------------------------------------------------------------|
| 5249  | NV  | AR   | 10.4.2024  | Byggingarreitur 5 fyrir uppgröft                             |
| 5250  | N   | AR   | 10.4.2024  | Byggingarreitur 5 fyrir uppgröft                             |
| 5251  | V   | AR   | 10.4.2024  | Byggingarreitur 3 fyrir uppgröft                             |
| 5252  | S   | AR   | 10.4.2024  | Byggingarreitur 3 fyrir uppgröft                             |
| 5253  | S   | AR   | 10.4.2024  | Byggingarreitur 5 Flatatúni fyrir uppgröft (var ekki grafið) |
| 5254  | N   | AR   | 10.4.2024  | Byggingarreitur 5 Flatatúni fyrir uppgröft (var ekki grafið) |
| 5255  | A   | AR   | 10.4.2024  | Lóð 8 fyrir uppgröft                                         |
| 5256  | S   | AR   | 10.4.2024  | Lóð 8 fyrir uppgröft                                         |
| 5257  | S   | AR   | 10.4.2024  | Lóð 10 fyrir uppgröft                                        |
| 5258  | V   | AR   | 10.4.2024  | Lóð 10 fyrir uppgröft                                        |
| 5259  | SV  | AR   | 10.4.2024  | Lóð 12 fyrir uppgröft                                        |
| 5260  | V   | AR   | 10.4.2024  | Lóð 12 fyrir uppgröft                                        |
| 5261  | A   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á byggingarreit 5                            |
| 5262  | V   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á byggingarreit 5                            |
| 5263  | S   | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á byggingarreit 5                 |
| 5264  | S   | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á byggingarreit 5                 |
| 5265  | SA  | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á byggingarreit 5                 |
| 5266  | NV  | AR   | 10.4.2024  | Byggingarreitur 1 fyrir uppgröft                             |
| 5267  | N   | AR   | 10.4.2024  | Byggingarreitur 1 fyrir uppgröft                             |
| 5268  | V   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á byggingarreit 3                            |
| 5269  | A   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á byggingarreit 3                            |
| 5270  | S   | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á byggingarreit 3                 |
| 5271  | SA  | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á byggingarreit 3                 |
| 5272  | SA  | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á lóð 12                          |
| 5273  | A   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á lóð 12                                     |
| 5274  | V   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á lóð 12                                     |
| 5275  | S   | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á lóð 10                          |
| 5276  | SA  | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á lóð 10                          |
| 5277  | A   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á lóð 10                                     |
| 5278  | V   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á lóð 10                                     |
| 5279  | V   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á lóð 8                                      |
| 5280  | A   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á lóð 8                                      |
| 5281  | S   | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á lóð 8                           |
| 5282  | SA  | AR   | 10.4.2024  | Suðursnið á könnunarskurði á lóð 8                           |
| 5283  | V   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á byggingarreit 1                            |
| 5284  | A   | AR   | 10.4.2024  | Könnunarskurður á byggingarreit 1                            |
| 5285  | N   | AR   | 10.4.2024  | Norðursnið á könnunarskurði á byggingarreit 1                |
| 5286  | NA  | AR   | 10.4.2024  | Norðursnið á könnunarskurði á byggingarreit 1                |

### 9.3 Teikningaskrá

| Teikning nr. | Skali | Gerð | Dagsetning | Nafn | Lýsing                                              |
|--------------|-------|------|------------|------|-----------------------------------------------------|
| 1            | 1:20  | Snið | 10.4.2024  | AR   | Suðursnið af könnunarskurði á byggingarreit 5, 1m.  |
| 2            | 1:20  | Snið | 10.4.2024  | AR   | Suðursnið af könnunarskurði á byggingarreit 3, 1m.  |
| 3            | 1:20  | Snið | 10.4.2024  | AR   | Suðursnið af könnunarskurði á lóð 12, 1m.           |
| 4            | 1:20  | Snið | 10.4.2024  | AR   | Suðursnið af könnunarskurði á lóð 10, 1m.           |
| 5            | 1:20  | Snið | 10.4.2024  | AR   | Suðursnið af könnunarskurði á lóð 8, 1m.            |
| 6            | 1:20  | Snið | 10.4.2024  | AR   | Norðursnið af könnunarskurði á byggingarreit 1, 1m. |